*– það segir sig sjálft –*

# Mánudagsþraut Málningar

♤ ♡ ◇ ♧

Á mánudagskvöldum verður tekinn upp nýr og skemmtilegur siður í Sumarbridge.

Í upphafi kvölds (meðan á skráningu stendur) fá spilarar eina sagnþraut til umþenkingar úr The Bridge World.

Hún er á A-4 blaði.

Spilarar skrifa svar sitt og nafn á blaðið, brjóta saman og setja í málningarfötu (tóma!) (rétt til getið – Málning styrkir framtakið).

Í lok kvölds fá spilarar í hendur umfjöllun úr TBW (stigagjöf og athugasemdir) á A-4 blaði.

Mánudagsþrautin stendur fram í lok ágústmánaðar (í 10 skipti).

Veitt verða bókaverðlaun fyrir efstu sætin og telja 5 efstu kvöld til stiga.

(dreift í byrjun Sumarbridge 2016)

# Mánudagsþraut MÁLNINGAR

FYRSTA ÞRAUT: 30. MAÍ

*Suður gefur. Enginn á hættu. Sveitakeppni.*

**Suður**
♠ 83
♡ D62
♢ ÁKG
♣ D8652

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | — | — | 1 ♣ |
| 1 ♠ | dobl * | pass | ? |

* Neikvætt dobl, 6+ HP, 4+ hjörtu.

**Hver er sögnin?**

- - - - - - - - - - *brjótið hér og setjið svo í fötuna* - - - - - - - - - -

**NAFN** ____________________________________

**SÖGN** ____________________________________

málning
- það segir sig sjálft -

# Mánudagsþraut MÁLNINGAR

FYRSTA ÞRAUT, 30. MAÍ

**The Bridge World**
Júní 2015
Sveitakeppni

S/Enginn **Suður**
♠ 83
♡ D62
♢ ÁKG
♣ D8652

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | — | — | 1 ♣ |
| 1 ♠ | dobl * | pass | **?** |

* Neikvætt dobl, 6+ HP, 4+ hjörtu.

| sögn | stig | fjöldi atkvæða |
|---|---|---|
| 1 G | 100 | 11 |
| 2 ♡ | 80 | 8 |
| 2 ♣ | 60 | 5 |
| 2 ♢ | 40 | 2 |

FRANK STEWART: **Tveir tíglar.**
Uppástunga um lit, ekki vending. Hefði aldrei opnað á þessar eldspýtur.

KIT WOOLSEY: **Tvö lauf.**
Opnunin lofaði bara þrílit, svo þetta eru nýjar uppýsingar. Jú, jú, makker býst við sexlit, en er það svo alvarlegt?

ROBERT WOLFF: **Tvö hjörtu.**
Hræðileg sögn, en þó aðeins skárri en hinn möguleikinn (tvö lauf). Eitt grand kemur ekki til greina, því það væri enn meiri lygi.

PAUL IVASKA: **Eitt grand.**
Útilokunaraðferðin. Ég hefði gjarnan viljað eiga spaðafyrirstöðu, en austur studdi ekki spaðann svo makker er líklegur til að vera með lengd í litnum.

MARTY BERGEN: **Eitt grand.**
Lofar ekki spaðafyrirstöðu.

ERIC KOKISH: **Eitt grand.**
Sýnir flatt lágmark (12-14 HP), ekkert annað. Við getum svo þreifað fyrir okkur á öðru þrepi eftir lit ef makker á veik spil með skiptingu. Hef engar áhyggjur af spaðanum. Austur lyfti ekki og makker á því einhverja lengd.

**Til umhugsunar.**
Þetta er eins og að velja sér skó eða hanska. Stundum passar ekkert sem stendur til boða. Hér er enginn hanski í réttri stærð fyrir þá hönd sem gefin er: Laufliturinn þolir varla tvímeldingu, það vantar fyrirstöðu í spaðann fyrir grandsögn og fjórða spilið í rauðu litina fyrir sögn í tígli og hjarta. Eftir stendur að eitthvað verður að gera.

Svona sagnvandi er nokkuð algengur: Spilin eru „á milli númera“ og velja þarf skásta kostinn af mörgum slæmum.

Tvö atriði væri gott að ræða við makker.
(1) Lofar grandið spaðafyrirstöðu?
(2) Lofa 2♡ skilyrðislaust fjórlit?

– GPA

# Mánudagsþraut MÁLNINGAR

ÖNNUR ÞRAUT: 6. JÚNÍ

*Norður gefur. Enginn á hættu. Tvímenningur.*

**Suður**
♠ G1073
♡ Á7
♢ G85
♣ ÁK86

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | 1 ♢ | pass | 1 ♠ |
| pass | 3 ♢ | pass | ? |

## Hver er sögnin?

- - - - - - - - - - *brjótið hér og setjið svo í fötuna* - - - - - - - - - -

**NAFN** ______________________________________

**SÖGN** ______________________________________

málning
-það segir sig sjálft-

# Mánudagsþraut MÁLNINGAR

ÖNNUR ÞRAUT, 6. JÚNÍ

**The Bridge World**
Júní 2015
Tvímenningur

N/Enginn **Suður**
♠ G1073
♡ Á7
◇ G85
♣ ÁK86

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | 1 ◇ | pass | 1 ♠ |
| pass | 3 ◇ | pass | **?** |

- - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - -

| **sögn** | **stig** | **fjöldi atkvæða** |
|---|---|---|
| 4 ◇ | 100 | 11 |
| 6 ◇ | 60 | 5 |
| 3 G | 60 | 5 |
| 4 G | 50 | 3 |
| 4 ♣ | 40 | 2 |
| 5 ◇ | 10 | 0 |
| 3 ♡ | 10 | 0 |

- - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - -

JOEL WOLDRIDGE: **Fjögur grönd.**
Eðlileg áskorun (vona ég). Ég hefði sagt 4◇ fyrst ef meiningin væri að spyrja um lykilspil.

KIT WOOLSEY: **Fjögur grönd.**
Spurning um lykilspil. Segi slemmu nema það vanti tvö.

BILLY EISENBERG: **Þrjú grönd.**
Gæti verið að missa tígulslemmu, en þetta er tvímenningur.

PHILIPPE ALDER: **Þrjú grönd.**
Á makker einn hund í spaða eða tvo? Það er stóra spurningin.

JEFF RUBENS: **Sex tíglar.**
Með líkum og engin ástæða til að létta vörninni útspilið. Og svo er ekki víst að makker taki 4◇ sem kröfu.

ZIA: **Fjórir tíglar.**
Krafa. Vona að við getum stoppað í 4G ef slemma stendur ekki.

KEVIN BATHURST: **Fjögur lauf.**
Fyrirstaða í laufi með tígulslemmu í huga.

**Til umhugsunar.**
Umræðan kallar á svör við þremur grundvallarspurningum:

1) Eru 4◇ krafa?
2) Eru 4G áskorun eða RKC?
3) Sýna 4♣ lit eða fyrirstöðu?

Allir spekingarnir í TBW eru á einu máli um það að 4◇ eru krafa. En þá greinir á um hin atriðin. Ég bar þetta undir sjálfan mig og svaraði þannig:

1) Krafa.
2) Magnáskorun.
3) Fyrirstaða og tígulsamþykkt.

– GPA

# Mánudagsþraut MÁLNINGAR

ÞRIÐJA ÞRAUT: 13. JÚNÍ

*Vestur gefur. NS á hættu. Sveitakeppni.*

**Suður**
♠ 96
♡ 1087
♢ ÁD75
♣ ÁD65

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| 1 ♡ | 1 ♠ | pass | ? |

**Hver er sögnin?**

- - - - - - - - - - *brjótið hér og setjið svo í fötuna* - - - - - - - - - -

**NAFN** ________________________________________

**SÖGN** ________________________________________

málning
-það segir sig sjálft-

# Mánudagsþraut **MÁLNINGAR**

ÞRIÐJA ÞRAUT, 13. JÚNÍ

**The Bridge World**
Júní 2015
Sveitakeppni

V/NS **Suður**
♠ 96
♡ 1087
◊ ÁD75
♣ ÁD65

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| 1 ♡ | 1 ♠ | pass | **?** |

- - - - - - - - - - - - - - - - - - - - -

| **sögn** | **stig** | **fjöldi atkvæða** |
|---|---|---|
| 1 G | 100 | 11 |
| 2 ♡ | 90 | 10 |
| 2 ♣ | 60 | 4 |
| 2 ♠ | 40 | 1 |
| 2 ◊ | 30 | 0 |
| pass | 30 | 0 |

- - - - - - - - - - - - - - - - - - - - -

FRAMK STEWART: **Tvö lauf.**
Sama sögnin og ég hefði valið við opnun á 1♠.

NICK L´ECUYER: **Tvö lauf.**
Engin lygi, laufið er ekki svo slæmt. Að vísu vandamál ef makker lyftir í 3♣.

RON SMITH: **Eitt grand.**
Kannski stoppar makker spaðann.

BART BRAMLEY: **Eitt grand**.
Í sterkara lagi, en geim er ólíklegt nema makker geti meldað aftur. Besta leiðin til að finna láglitafitt.

BILLY EISENBERG. **Eitt grand**.
Ég er kjúklingur, en mér lýst ekki á 2♡ án stuðnings við spaðann.

PILIPP ALDER: **Eitt grand.**
Ekki 2♡. Þar eð nýr litur er ekki krafa myndi litur mótherja sýna annað tveggja: spaðastuðning eða sterk spil með eigin lit. Ég á hvorugt.

KEVIN BATHURST: **Tvö hjörtu.**
Svo sem enginn sérstakur spaðastuðningur, en ég verð að gera eitthvað til að halda makker áhugasömum.

JON NANCE: **Tvö hjörtu.**
Vonast eftir 2G hjá makker, sem ég mun hækka í þrjú. Ég passa hins vegar allar spaðasagnir hans.

ERIC KOKISH: **Tvö hjörtu.**
Vil spila grand sem kröfu í þessari stöðu, alla vega “semi-forcing”.
En í *Bridge World Standard* er grandið eðlilegt og lofar fyrirstöðu. Því verð ég að gera eitthvað annað.

**Til umhugsunar:**
1) Hvað er grandsvarið sterkt við innákomu makkers?
2) Er svar á nýjum lit krafa?
3) Lofar það fimmlit?
4) Er litur mótherja alltaf stuðningur við makker?

Svör mín (GPA):
1) 8-12 HP. 2) Nei. 3) Já. 4) Já.

# Mánudagsþraut MÁLNINGAR

FJÓRÐA ÞRAUT: 20. JÚNÍ

*Vestur gefur. NS á hættu. Sveitakeppni.*

**Suður**
♠ ÁG97
♡ 64
♢ 52
♣ ÁD1097

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| 2 ♢ * | pass | pass | ? |

* Veikir tveir í tígli.

## Hver er sögnin?

- - - - - - - - - - *brjótið hér og setjið svo í fötuna* - - - - - - - - - -

**NAFN** ______________________________________

**SÖGN** ______________________________________

málning
- það segir sig sjálft -

# Mánudagsþraut MÁLNINGAR

FJÓRÐA ÞRAUT, 20. JÚNÍ

**The Bridge World**
Maí 2015
Sveitakeppni

V/NS **Suður**
♠ ÁG97
♡ 64
◇ 52
♣ ÁD1097

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| 2 ◇ * | pass | pass | **?** |

* veikir tveir í tígli.

| **sögn** | **stig** | **fjöldi atkvæða** |
|---|---|---|
| 3 ♣ | 100 | 11 |
| pass | 90 | 8 |
| 2 ♠ | 80 | 5 |
| dobl | 50 | 2 |

DANNI KLEINMAN: **Pass.**
Makker mun því keyra í geim ef ég melda og mér hugnast það ekki. Tek frekar töluna í 2◇.

KIT WOOLSEY: **Pass.**
Í versta falli bútasveifla út, en ég óttast stórslys ef ég melda og makker fer í geim.

DON STACK: **Dobl.**
Doblið dekkar sektina og tryggir að við finnum 4-4 fitt í spaða þegar það er til staðar. Ef makker meldar hjarta skrifa ég IOY (skuldaviðurkenningu) fyrir einu hjarta.

RUSS EKEBLD: **Dobl.**
Er að sverma fyrir sektarpassi hjá makker. Austur sagði pass við 2◇, en nú á dögum lyfta menn veikum tveimur í þrjá með fitt á hvaða rusl sem er.

MIKE PASSELL: **Tveir spaðar.**
Aðeins betra en pass. Ekki 3♣, sem er nánast yfirfærsla í 3G.

PHILIPP ALDER: **Þrjú lauf.**
Hugsanlega á ég eftir að sjá eftir að hafa ekki passað, en við erum á hættunni og gætum átt geim.

ERIC KOKOSH: **Þrjú lauf.**
Tígrisdýrin sem dobla halda því fram að makker passi alltaf með fimmlit í hjarta og sæmilegan fjórlit í tígli. En við trúum þeim ekki.

**Til umhugsunar:**

Hér eru engin áhöld um það hvað sagnir þýða: Dobl lofar fitti við alla ósagða liti, 2♠ sýna fimmlit og 3♣ oftast sexlit.

Þetta er bara spurning um spilamat og framtíðarsýn.

– GPA

# Mánudagsþraut MÁLNINGAR

FIMMTA ÞRAUT: 11. JÚLÍ

*Suður gefur. NS á hættu. Sveitakeppni.*

**Suður**

♠ Á
♡ 943
♢ K96
♣ ÁKG652

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| – | – | – | 1 ♣ |
| 2 ♠ | 3 ♡ * | 3 ♠ | ? |

* geimkrafa

## Hver er sögnin?

- - - - - - - - - - *brjótið hér og setjið svo í fötuna* - - - - - - - - - -

**NAFN** ______________________________________

**SÖGN** ______________________________________

málning
- það segir sig sjálft -

# Mánudagsþraut MÁLNINGAR

FIMMTA ÞRAUT, 11. JÚLÍ

**The Bridge World**
September 2015
Sveitakeppni

S/NS **Suður**
♠ Á
♡ 943
◇ K96
♣ ÁKG652

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | — | — | 1 ♣ |
| 2 ♠ | 3 ♡ * | 3 ♠ | ? |

* GK

- - - - - - - - - - - - - - - - - -

| sögn | stig | fjöldi atkvæða |
|---|---|---|
| pass | 100 | 11 |
| 4 ♠ | 80 | 4 |
| 4 G | 70 | 3 |
| 4 ♣ | 70 | 6 |
| dobl | 70 | 1 |
| 5 G | 70 | 1 |
| 4 ♡ | 40 | 1 |
| 5 ♡ | 40 | 0 |
| 6 ♡ | 40 | 0 |

- - - - - - - - - - - - - - - - - -

Er þetta geim eða slemma og hvort á að spila lauf eða hjarta?

Einmanna svartsýnisrödd ...

Richard Cuolker: **Fjögur hjörtu.**
Þetta er nóg gert á móti lágmarki hjá makker. Ef hann á eitthvað meira þá sér hann á sínum spilum að ég á stuttan spaða og heldur áfram.

Andy Robson: **Pass.**
Höndin er of góð í 4♡ svo ég bíð átekta með passi.

Joey Silver: **Pass.**
Hyggst reyna við slemmu í næsta hring, en með þetta “death holding” í hjarta vil ég ekki hindra makker með 4♠. Kannski getur hann tekið undir laufið.

Dan Gestman: **Fjórir spaðar.**
Það er vonlaust að stoppa á fjórða þrepi, svo það eins gott að segja eitthvað ganglegt og afgerandi.

Michael Lauverence: **Fjögur grönd.**
Ég þarf að vita hvað makker á í hjarta. Sé ekki hvernig pass muni leysa þann vanda.

Jeff Mecstroth: **Fjögur lauf.**
Heiðarleg lýsing á höndinni.

**Til umhugsunar:**

Þetta er dæmigerður „leiðarvandi“. Fáar sagnir (nema stökk í slemmu) eru endanlegar, þannig að málið snýst um *hagkvæmustu leið*. Flestir panelistar vilja spara pláss með þokupassi, aðrir vilja taka skýrt af skarið með 4♠ eða 4G, og enn aðrir kjósa að halda laufinu til streitu með 4♣. Allt gæti þetta heppnast ágætlega, enda stigagjöfin í samræmi við það.

– GPA

# Mánudagsþraut **MÁLNINGAR**

SJÖTTA ÞRAUT: 18. JÚLÍ

*Suður gefur. allir á hættu. Sveitakeppni.*

**Suður**
♠ G8
♡ ÁD9
♢ Á10874
♣ ÁK3

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| – | – | – | 1 ♢ |
| 1 ♠ | dobl * | pass | ? |

* neikvætt dobl, lofar 4+ hjörtum

**Hver er sögnin?**

*- - - - - - - - - - brjótið hér og setjið svo í fötuna - - - - - - - - - -*

**NAFN** ______________________________

**SÖGN** ______________________________

málning
- það segir sig sjálft -

# Mánudagsþraut MÁLNINGAR

SJÖTTA ÞRAUT, 18. JÚLÍ

**The Bridge World**
Mars 2016
Sveitakeppni

S/Allir

**Suður**
♠ G8
♡ ÁD9
♢ Á10874
♣ ÁK3

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | — | — | 1 ♢ |
| 1 ♠ | dobl * | pass | **?** |

* neikvætt dobl

| **sögn** | **stig** | **fjöldi atkvæða** |
|---|---|---|
| 2 ♠ | 100 | 15 |
| 2 G | 60 | 7 |
| 3 ♡ | 60 | 2 |
| 2 ♣ | 50 | 1 |
| 3 ♣ | 50 | 1 |
| 3 G | 20 | 0 |

Planið var að segja 2G næst við svari makkers á hálit (18-19 HP) en inná-koman á spaða setur strik í reikninginn. Eða hvað?

JOEY SILVER: **Tvö grönd.**
Ég ætla ekki að láta smáatriði eins og spaðafyrirstöðu hindra mig í að melda blátt áfram. Ég á bæði punkta og skiptingu í 2G og tveir réttir af þremur er ekki svo slæmt. Svo getur maður vonað að pass austurs þýði að makker eigi eitthvað í spaða.

CHRIS WILLENKEN: **Tvö grönd.**
Það er með líkum að makker eigi spaðaháspil og þá eru gröndin betur komin í mína hönd.

En þótt 2G sé vissulega praktísk sögn kýs meirihlutinn að krefja með 2♠, sem flestir eru sammála um að sýni 18-19 HP, ÁN spaðafyrirstöðu:

ANDY ROBSON: **Tveir spaðar.**
Segi svo 3♡ næst (ef ég get og þarf) til að sýna sterkan þrílit.

Sératkvæðin:

DAN GERSTMAN: **Tvö lauf.**
Halda sögnum niðri og leyfa makker að melda 2♡ óþvingað á lengri lit.

BILLY EISENBERG: **Þrjú hjörtu.**
Ég hreinlega *hata* 2♠.

JEFF RUBENS: **Þrjú lauf.**
Verð að sýna styrkinn strax og þetta er öruggasta leiðin til að kanna spilið betur á þriðja þrepi.

**Til umhugsunar:**

Tvö grönd kæmu varla til greina ef suður ætti tvo bláhunda í spaða. En gosinn breytir miklu, til dæmis ef makker á ♠Kxx eða ♠Áxx. Þá er mikil-vægt að grandið sé í suður.

– GPA

# Mánudagsþraut MÁLNINGAR

SJÖUNDA ÞRAUT: 25. JÚLÍ

*Norður gefur. allir á hættu. Sveitakeppni.*

| Suður | Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|---|
| ♠ – | – | 1 ♣ | pass | 1 ♡ |
| ♡ KG532 | pass | 1 ♠ | pass | ? |
| ♢ KDG4 | | | | |
| ♣ G942 | | | | |

**Hver er sögnin?**

---------- *brjótið hér og setjið svo í fötuna* ----------

**NAFN** ______________________________

**SÖGN** ______________________________

málning
- það segir sig sjálft -

# Mánudagsþraut MÁLNINGAR

SJÖUNDA ÞRAUT, 25. JÚLÍ

**The Bridge World**
Desember 2015
Sveitakeppni

N/Allir **Suður**
♠ —
♡ KG532
◇ KDG4
♣ G942

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | 1 ♣ | pass | 1 ♡ |
| pass | 1 ♠ | pass | **?** |

| sögn | stig | fjöldi atkvæða |
|---|---|---|
| 3 ♣ | 100 | 16 |
| 2 ◇ | 70 | 10 |
| 2 G | 30 | 0 |
| 2 ♣ | 20 | 0 |
| 2 ♡ | 10 | 0 |
| 1 G | 10 | 0 |

Bandaríski panellinn sér aðeins tvo möguleika í stöðunni: 3♣, sem er eðlileg áskorun í geim og 2◇, sem er geimkrafa og gervisögn (fjórði litur). Meirihlutinn kýs að fara varlega:

DAVID BERKOWITZ: **Þrjú lauf.**
Já-já. Ég veit vel að þetta er sveitakeppni og að við erum á hættu.
En 300-kall út er ekkert sérstakt í sveitakeppni. Og ekki er beinlínis hægt að segja að spaðamelding makkers hafi bætt spilin mín.

ERIC KOKISH: **Þrjú lauf.**
Allt í lagi að eiga hámark annað slagið.

BRIAN PLATNICK: **Þrjú lauf.**
Varla geim nema makker sé með veikan spaða. Og hvað ég um það?

Á hinum vængnum:

FRANK STEWART: **Tveir tíglar.**
Mér finnst ég verði að yfirmelda svolítið, því makker myndi passa 3♣ með ♠Dxxx ♡Áxx ◇xx ♣ÁKxx
Og þá missum við af góðum 4♡.

ROBERT WOLFF: **Tveir tíglar.**
Vissulega yfirmelding, en spaðasögn makker hefur fælingarmátt og 3G gætu vel unnist með öðru útspili.

PAUL IVASKA: **Tveir tíglar.**
Vil ekki leggja á makker að spila 3♣ með skiptinguna 4=3=3=3.

**Til umhugsunar:**

Paul Ivaska kemur inn á mikilvægt atriði: Nákvæmlega hvað þýðir endursögn opnara á 1♠? Getur hann átt flatt lágmark (eins og Ivaska álítur) eða sýnir spaðasögnin ójafna skiptingu og þar með ekta lauflit? Síðarnefndi stíllinn hefur mjög rutt sér til rúms á síðari árum, en þá segir opnari einfaldaega 1G með lágmarksopnun, jafna skiptingu og fjórlit í spaða.

– GPA

# Mánudagsþraut MÁLNINGAR

ÁTTUNDA ÞRAUT: 8. ÁGÚST

*Norður gefur. enginn á hættu. Sveitakeppni.*

**Suður**
♠ 86
♡ Á107
♢ KG6542
♣ 108

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| – | 1 ♣ | pass | 1 ♢ |
| pass | 1 ♡ | pass | 2 ♢ |
| pass | 2 ♠ | pass | ? |

**Hver er sögnin?**

---------- *brjótið hér og setjið svo í fötuna* ----------

**NAFN** ________________________________

**SÖGN** ________________________________

málning
-það segir sig sjálft-

# Mánudagsþraut MÁLNINGAR

ÁTTUNDA ÞRAUT, 8. ÁGÚST

**The Bridge World**
Mars 2010
Sveitakeppni

N/Enginn **Suður**
♠ 86
♡ Á107
♢ KG6542
♣ 108

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | 1 ♣ | pass | 1 ♢ |
| pass | 1 ♡ | pass | 2 ♢ |
| pass | 2 ♠ | pass | **?** |

| **sögn** | **stig** | **fjöldi atkvæða** |
|---|---|---|
| 3 ♡ | 100 | 16 |
| 2 G | 80 | 7 |
| 3 ♣ | 70 | 2 |
| 4 ♡ | 60 | 1 |
| 3 G | 20 | 0 |
| 3 ♠ | 20 | 0 |

Hvað meinar makker með 2♠?

Anders Wirgren: **Þrjú lauf.**
Hvað annað?! Tígullinn er of veikur til að melda hann enn og aftur, og engin spaðafyrirstaða til að segja grand. Þetta er “no-brainer”.

Það er ljóst hvernig Wirgren túlkar sagnir. Frá honum séð eru 2♠ hreint og klárt spurning um fyrirstöðu. En er það endilega rétt túlkun?

Richard Cioker: **Tvö grönd.**
Makker á 15-17 punkta og skiptinguna 4=4=0=5 eða 3=4=1=5.

En ekki eru allir með hlutina á hreinu:

Billy Eisenberg: **Þrjú hjörtu.**
Getur ekki verið alvont, hvað svo sem makker er að fara með 2♠.

**Til umhugsunar:**

Sagnvandamál eru af ýmsum toga.

Stundum er vandinn sá að velja skástu sögn af nokkrum vondum. Það er eins konar *númeravandi* – engin flík er til í réttu númeri fyrir okkar stærð.

Svo er það vandinn sem skapast af hindrunum mótherjanna. Við höfum ekki svigrúm til rannsókna og neyðumst til að giska, mismunandi blint, á milli jafngildra möguleika. Köllum það *rýmisvanda*.

Í þriðja lagi koma stundum tvær eða leiðir til álita. Það mætti kalla *leiðar-vanda*.

Og loks er er það *túlkunarvandinn*. Þá er verkurinn sá að TÚLKA sögn makkers. Hvern fjandann er hann að fara? Þessi þraut er af því tagi.

– GPA

# Mánudagsþraut **MÁLNINGAR**

NÍUNDA ÞRAUT: 15. ÁGÚST

*Suður gefur. allir á hættu. Sveitakeppni.*

**Suður**
♠ K85
♡ 8
♢ ÁD10754
♣ ÁK7

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | — | — | 1 ♢ |
| pass | 1 G | pass | ? |

**Hver er sögnin?**

- - - - - - - - - - *brjótið hér og setjið svo í fötuna* - - - - - - - - - -

**NAFN** ______________________________

**SÖGN** ______________________________

málning
-það segir sig sjálft-

# Mánudagsþraut MÁLNINGAR

NÍUNDA ÞRAUT, 15. ÁGÚST

**The Bridge World**
September 2013
Sveitakeppni

S/Allir **Suður**
♠ K85
♡ 8
◇ ÁD10754
♣ ÁK7

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | — | — | 1 ◇ |
| pass | 1 G | pass | **?** |

- - - - - - - - - - - - - - - - - - -

| **sögn** | **stig** | **fjöldi atkvæða** |
|---|---|---|
| 3 ◇ | 100 | 14 |
| 2 ♣ | 90 | 10 |
| 2 ♠ | 70 | 3 |
| 3 ♡ | 60 | 1 |
| 3 ♣ | 50 | 1 |
| 2 ◇ | 30 | 0 |
| 2 G | 30 | 0 |
| 3 G | 20 | 0 |

- - - - - - - - - - - - - - - - - - -

Philippe Cronier: **Þrír tíglar.**
Þetta er ekki alveg nóg til að krefja í geim. Ég segi 3G yfir 3♡, en fer annars í 5◇.

Sami Kehela: **Þrír tíglar.**
Ekki beint djöfulegt vandamál, en kannski er umsjónarmaður að sverma fyrir 2♣. Sé svo, vil ég ekkert af því vita.

„Lokaðu þá augunum," svarar umbinn Eric Kokish:

Joey Silver: **Tvö lauf.**
Of sterkt í 2◇, of veikt í 3◇. Segi 2♠ við 2◇ og hef þá sýnt stutt hjarta.

Cris Willenken: **Tveir spaðar.**
Rétt lýsing á styrknum og sveigjanlegasta sögnin. Úr því að mótherjarnir hafa ekkert sagt, þrátt fyrir að eiga mikið í hálitunum, þá er makker líklega með hámark fyrir grandinu. Ef hann meldar 3♣ við 2♠ er stutt í slemmu.

Steve Landen: **Þrjú hjörtu.**
Splinter. Smá yfirmelding, en góð lýsing á handgerðinni.

Michael Lawrence: **Þrjú lauf.**
Kref í geim. Ég á of mikið fyrir 3◇.

**Til umhugsunar:**

Þessi þraut er eins konar blanda af númera- og leiðarvanda. Engin sögn passar fullkomlega og margar leiðir eru færar.

Annars er athyglisvert hvað menn eru ósamtíga í spilamatinu. Sumum þykja spilin of veik fyrir 3◇ (Silver), öðrum finnast þau of sterk (Lawrence). Þó eru allir sammála því að 3◇ er EKKI krafa.

– GPA

# Mánudagsþraut MÁLNINGAR

TÍUNDA ÞRAUT: 22. ÁGÚST

*Norður gefur. allir á hættu. Tvímenningur.*

**Suður**

♠ K3
♡ ÁK654
♢ Á1095
♣ 106

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | 1 G * | pass | 2 ♢ ** |
| pass | 2 ♡ | pass | 3 ♢ |
| pass | 3 ♠ | pass | ? |

* 15-17 ** yfirfærsla

**Hver er sögnin?**

---------- *brjótið hér og setjið svo í fötuna* ----------

**NAFN** ________________________________

**SÖGN** ________________________________

málning

*-það segir sig sjálft-*

# Mánudagsþraut MÁLNINGAR

TÍUNDA ÞRAUT, 22. ÁGÚST

**The Bridge World**
September 2014
Tvímenningur

N/Allir

**Suður**
♠ K3
♡ ÁK654
♢ Á1095
♣ 106

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | 1 G | pass | 2 ♢ |
| pass | 2 ♡ | pass | 3 ♢ |
| pass | 3 ♠ | pass | **?** |

- - - - - - - - - - - - - - - - - -

| **sögn** | **stig** | **fjöldi atkvæða** |
|---|---|---|
| 4 ♠ | 100 | 12 |
| 4 ♢ | 90 | 10 |
| 3 G | 70 | 3 |
| 4 ♣ | 60 | 1 |
| 4 ♡ | 50 | 2 |
| 6 ♢ | 40 | 1 |
| 5 ♢ | 20 | 0 |

- - - - - - - - - - - - - - - - - -

Allar sagnir fram að 3♠ eru þétt innan kerfis: 2♢ yfirfærsla og 3♢ eðlileg sögn og krafa í geim. En hvað þýða 3♠? Sú sögn er utangarðs hjá mörgum pörum og krefst því túlkunar.

BARRY RIGAL: **Fjórir tíglar.**
Eru 3♠ uppástunga um spaða sem tromplit, fyrirstöðusögn með tígulslemmu í sigtinu eða grandstyrkur í spaða og veikleiki í laufi? Ég veit það ekki, en held samtalinu lifandi með 4♢.

MIKE BECKER: **Fjögur lauf.**
Sögnin 3♠ er styrkmelding og makker er að lýsa yfir efasemdum um besta geim og/eða halda tígulslemmu inni í myndinni. Frumskylda mín er að segja 3G með fyrirstöðu í laufi (án slemmuáhuga). Hér verð ég því að gera eitthvað annað. Tilgangur minn með 4♣ er að leyfa makker að tjá sig óþvingað. Ég passa 4♡, en reyni annars við 6♢.

JEFF MECKSTROTH: **Þrjú grönd.**
Bíð átekta.

RICHARD COLKER: **Fjögur hjörtu.**
Ef makker er að reyna við tígulslemmu þá segir hann 5♣ eða 5♢ yfir 4♡. Ef hann er fyrst og fremst hræddur við laufið þá ættu 4♡ að spilast vel. Til dæmis ef hann er með ...

♠ÁDGx ♡Dx ♢KDxx ♣Gxx

ZIA: **Fjórir spaðar.**
Ég sé fyrir með ...

♠ÁDGx ♡Gx ♢KDGx ♣Gxx

... og hreinan topp.

**Til umhugsunar:**

Það er nokkuð ljóst að 3♠ sýna styrk í spaða, en hvað myndi grandarinn gera með þessi spil ...

♠10xx ♡Gx ♢KDGx ♣ÁKGx

– GPA

## Stigaefstu einstaklingar

## sumarsins 2016 í ...

# Mánudagsþraut Málningar

- Mánudagsþrautin var í boði í 10 skipti og telja 5 bestu til heildarstiga.
- Hæst voru gefin 100 stig fyrir hvert einstakt spil. Enginn náði 500.
- Alls tóku 82 spilarar þátt í leiknum einhvern tíma sumars.
- Taflan hér að neðan er yfir þá sem spiluðu í 5 eða fleiri skipti.
- Þeir spilarar fá allir bókaverðlaun fyrir vasklega framgöngu.

| | **FIMM BESTU** | **ÞÁTTTAKA** |
|---|---|---|
| Magni Ólafsson | 490 STIG | 9 TILRAUNIR |
| Kristján Þorvaldsson | 480 - | 10 - |
| Gunnar Björn Helgason | 480 - | 8 - |
| Eðvarð Hallgrímsson | 460 - | 6 - |
| Hafliði Baldursson | 450 - | 10 - |
| Gunnlaugur Sævarsson | 450 - | 5 - |
| Þorgerður Jónsdóttir | 420 - | 5 - |
| Hrefna Harðardóttir | 410 - | 6 - |
| Pétur Reimarsson | 400 - | 10 - |
| Guðrún Jörgensen | 390 - | 7 - |
| Guðlaugur Sveinsson | 370 - | 5 - |
| Árni Indriðason | 330 - | 10 - |
| Hulda Hjálmarsdóttir | 230 - | 5 - |
| Ólöf Thorarensen | 210 - | 5 - |
| Sunna Ipsen | 170 - | 6 - |
| Baldur Bjartmarsson | 170 - | 5 - |

(í lok sumars 2016)